

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir gjald fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1018/2009.

2. gr.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislislagna frá lóðarmörkum húseiganda við fráveitukerfi sveitarfélagsins sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis skal vera sem hér segir:

Tegund húsnæðis	Gjald	Skýring
Einbýli, par- og raðhús	283.979 kr.	Á hverja íbúð
Fjölbýlishús	250.000 kr.	Á hverja íbúð
Önnur mannvirki en íbúðir	1.762 kr.	0,6% af verðgrunni fyrir gatnagerðargjald á fermetra leyfilegs byggingarmagns lóðar

Gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2021 = 117,6 í febrúar 2024 og uppfærast janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni sem Hagstofa Íslands gefur út fyrir desember árið áður.

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Fráveitugjald skal nema 0,27% af álagningarstofni húss. Hámarksálagning á íbúðarhús er kr. 57.558. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurföfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró kr. 15.572.

5. gr.

Fyrir hverja aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila.

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 42.972 ásamt kr. 583 þóknun fyrir hvern ekinn kílómetra.

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 102.661 ásamt kr. 583 þóknun fyrir hvern ekinn kílómetra.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 5. apríl 2024 er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar nr. 1018/2009 um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Nr. 831

5. apríl 2024

Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1569/2023.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 5. apríl 2024.

Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 12. júlí 2024